

## **26. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 15. febrúar 2021 í ráðhúsinu á Flúðum og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum, Bogi Pétur Eiríksson sem varamaður Elsu Ingjaldsdóttur, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð.

Gengið til dagskrár:

### **1. Viðaukasamningur við Flúðaorku.**

Lögð voru fram drög að viðaukasamningi við vatnssölusamning milli Hrunamannahrepps, Hitaveitu Flúða og Varmaorku ehf um nýtingu á heitu vatni í varmaver og hitaveitu úr Kópsvatnsholunni. Í viðaukasamningnum er gert ráð fyrir að núverandi virkjun geti stækkað um allt að 4 vélasamstæður til viðbótar og ákvæði um fyrirkomulag vegna nýtingar Hitaveitu Flúða á afrennsli frá virkjuninni.

Veitustjórn samþykkir viðaukann og felur veitustjóra og sveitarstjóra að undirrita samninginn.

### **2. Endurnýjun á samningi milli Hrunaljóss og TRS.**

Lögð voru fram drög að endurnýjun á verksamningi milli Hrunaljóss og TRS um viðbragðsþjónustu og þjónustu TRS fyrir Hrunaljós.

Veitustjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

### **3. Verklegar framkvæmdir vegna hitaveitulagnar frá Kópsvatnsvirkjun.**

Veitustjóri fór yfir stöðu framkvæmda vegna hitaveitulagnar frá Kópsvatnsvirkjun að Flúðum. Lagnaefni er á leiðinni til landsins og hönnun á dæluhúsi og verklegum framkvæmdum er í vinnslu hjá Verkfræðistofunni EFLU og er langt komin.

Veitustjórn felur veitustjóra að vinna að útfærslu á verkefninu m.a. með það í huga að skoða aðrar framkvæmdir í veitum og gatnagerð samhliða lagningu hitaveitu frá Kópsvatnsvirkjun.

### **4. Vatnstankur Berghylsfjalli.**

Lagt var fram lóðablað fyrir lóð undir vatnstank í Berghylsfjalli. Veitustjóri fór yfir stöðu framkvæmda og næstu skref. Veitustjórn felur veitustjóra að klára útboðsgögn.

### **5. Endurnýjun á samningi milli körfuboltadeildar UMFH og Hitaveitu Flúða.**

Lögð var fram beiðni um endurnýjun á samningi milli körfuboltadeildar UMFH og Hitaveitu Flúða um stuðning við barnastarf körfuboltadeildarinnar.

Veitustjórn samþykkir að endurnýja samninginn til tveggja ára.

### **6. Beiðni um tengingar á köldu vatni á Sandlækjartorfunni.**

Lögð var fram beiðni um viðræður vegna tenginga á köldu vatni að Gunnbjarnarholti og Sandlækjarkotsbæjunum. Fyrir liggur eldri samningur milli aðila um tengingar á köldu vatni.

Veitustjórn felur veitustjóra að endurmeta vatnsmagn sem þarf í verkefnið vegna breytinga á notkun á svæðinu og ræða við aðila um lausnir og kostnað til að mæta þeirri þörf.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 17:20.